

Fundinn sátu:

Steinn Jóhannsson, Halldóra Björt Ewen, Helga Jóhannsdóttir(ritari), Nína María Morávek (foreldraráð), Unnur Lilja Hermannsdóttir (formaður), Margrét M. Norðdahl, Ragnar Guðmundson, Þórhalla Steinþórsdóttir, Karl Sigurðsson, Hildur Sverrisdóttir

Forföll : Sunna Tryggvadóttir (NFMH).

Efni fundarins er eftirfarandi:

1. Skólastarfið á vorönn
2. Störf sem þarf að auglýsa fyrir næsta ár
3. Staðan á jafnlaunavottun fyrir MH
4. Innritun fyrir næsta skólaár, hversu marga nýnema tekur MH inn?
5. Um áfallaáætlun
6. Önnur mál

Skólastarfið á vorönn

Steinn sagði frá skólastarfinu á vorönn þar sem allt gengur sinn vanagang. Opna brautin er fjölmennasta námsbrautin. Þar sjá nemendur kostinn við að púsla sjálf saman þeim greinum sem þau vilja leggja áherslu á og telja að undirbúi þá sem best fyrir háskólanám. Á brautinni eru 3 kjörgreinar þar sem taka þarf 5 áfanga í fyrstu kjörgrein (25e), fjóra í annarri (20e) og þrjá í þriðju (15e). Mikil fækkun á nemendum sem skipta um skóla um áramótin og er það raunveruleiki sem við stöndum frammi fyrir. Við lítum á það sem jákvæðan hlut.

Á vorönn er einn nemandi hjá okkur sem er nú þegar útskrifaður en langaði að fá að bæta við sig vegna fyrirhugaðs framhaldsnáms. Hann er í einum eðlisfræðiáfanga, einum stærðfræði og einum íslensku áfanga.

Útskriftarefni vorannar eru 164 og 153 af þeim eru fædd 2000 og 2001

FÉL	159
IB	84
LIS	28
MÁL	37
MÍT	33
NÁT	180
OPB	505
SÉR	16
Tón	6

Fjöldi nemenda eftir brautum vor 2020

Störf sem þarf að auglýsa fyrir næsta ár

Líklega verður auglýst eftir kennara á sérnámsbrautinni en annars lítur ekki út fyrir miklar breytingar eins og staðan er núna.

Staðan á jafnlaunavottun fyrir MH – Helga konrektor fór yfir stöðuna

MH fór í forúttekt fyrir Jafnlaunavottun 16. janúar. Forúttektin gekk vel og fengum við örfáar athugasemdir (3) sem við höfum nú þegar brugðist við. Stýrihópurinn er einnig að fara yfir annað sem bent var á sem tækifæri til umbóta. Við erum búin að óska eftir vottun í lok mars.

Stýrihópurinn sér marga kosti við þessa vinnu þó að hún sé mikil og snúin en hún er til þess fallin að bæta gagnsæi og vinnulag.

Innritun fyrir næsta skólaár, hversu marga nýnema tekur MH inn?

Haustið 2019 byrjuðu 251 nýnemi beint úr grunnskóla og 45 eldri. Haustið 2020 er gert ráð fyrir 290 nýnemum úr grunnskóla og 35 eldri. Alltaf fleiri nýnemar haustið eftir hverfakynningar eins og eru núna þetta vorið. Færri umsóknir þegar kynningin fer fram í Laugardalshöll samhliða Íslandsmóti iðngreina (annað hvert ár).

Í MH verður opið hús 4. mars 17:30 – 19:00.

Um áfallaáætlun

Um miðjan janúar féll nemandi í MH frá og var það áfall fyrir nemendur jafnt sem starfsfólk. Í framhaldi af því var virkjað áfallateymi skólans og ákveðið að fara yfir áfallaáætlun skólans. Í því er sálfræðingur, náms-og starfsráðgjafi og rektor. Eftir yfirferð verður ferlið kynnt.

Önnur mál

- Starfsfólk verður varla vart við reykingar svo sýnileiki þeirra hefur minnkað, en við megum samt ekki gleyma okkur og þurfum að standa vaktina áfram.
- Búið að fara í örutboð vegna húsgagnakaupa í kennslustofur fyrir haustið.
- Fengum upphækkanleg kennaraborð í allar kennslustofur í eldri bygginguna í janúar – mikil ánægja með það hjá kennurum.
- Nokkrir bekkir hafa verið keyptir sem eru staðsettir meðfram gluggunum við Útgarð.
- Fundur á morgun með arkitektum og fasteignum ríkisins vegna fyrirhugaðra framkvæmda í húsinu sem verið hafa í vinnslu.

MH

Skólanefndarfundur

miðvikudagur 5.febrúar 2020

- Kosning formanns skólanefndar hafði verið frestað í byrjun skólaárs og býður Unnur Lilja Hermannsdóttir sig áfram fram a.m.k. fram á næsta haust. Var skipan hennar samþykkt samhljóða af öllum fulltrúum.
- Rætt var um hvort að skólinn væri með áætlun um aðgerðir sem hægt er að grípa til vegna árekstra milli nemenda innbyrðis. Sagt frá áætlun sem er í gildi í MH þar sem brugðist er við slíku.

Næsti fundur miðvikudaginn 13. maí 2020

Ritari: Helga Jóhannsdóttir